

# Minnisblað

23. febrúar 2015

Til bæjarráðs

Frá bærstjóra

Fyrirspurn:

*Fulltrúar Samfylkingar og VG óska eftir upplýsingum hvers vegna erindi til bærstjórnar sem barst bæjaryfirvöldum með formlegum hætti þann 13. janúar sl. frá foreldrafélagi Áslandsskóla hafi ekki enn verið komið á framfæri við bærstjórn, nú nærri mánuði eftir að erindið barst til bærstjóra?*

Svar:

Fulltrúar foreldrafélags Áslandsskóla komu á fund bærstjóra þann 13. janúar 2015 og lögðu fram umrætt erindi.

Á fundinum var samkomlag um að málsaðilar hittust aftur 31. janúar s.l. og skýrðu mál sitt frekar. Jafnframt var samþykkt að erindinu yrði ekki svarað fyrr en eftir þann fund. Eftirfarandi er úr minnisblaði frá fundinum:

„Bærstjóri lagði til að boðað verði til annars fundar þar sem báðir aðilar mæti vel undirbúnir; foreldrar sýni efnisleg rök fyrir kvörtun sinni og bærstjóri fari yfir málin frá sínum bæjardrym séð. Auðveldara sé að taka ákvarðanir þegar allir aðilar eru vel upplýstir. Fundarmenn voru sammála um að hittast aftur áður en erindinu verði svarað efnislega.“

Fundurinn frestaðist síðan til 10. febrúar s.l. að ósk foreldrafélagsins. Síðan hefur verið haldinn fundur með foreldrum nemenda í Áslandsskóla, þann 16. febrúar s.l. Jafnframt annar fundur með stjórn foreldrafélagsins þann 19. febrúar s.l. Fyrirhugaður er annar fundur öðru hvoru megin við næstu helgi.

Með vísan til þess að málsaðilar voru sammála um á fundinum þann 13. janúar s.l. að hittast aftur til að skýra mál sitt frekar taldi undirrituðum rétt að sá fundur færi fram áður en erindið yrði lagt fyrir bærstjórn.

Á fundinum, sem fram fór 10. febrúar s.l., kom fram ósamræmi í tölum um fjölda nemenda í Áslandsskóla sem hvor málsaðili var að vinna út frá. Lögð er áherslu á að allar tölur sem foreldrafélagið var með voru fengnar frá bæjaryfirvöldum. Vegna þessa hafa fundahöld málsaðila haldið áfram til að skýra málið frekar. Þau gögn sem foreldrafélagið er með og fengu frá bæjaryfirvöldum gerir ráð fyrir mun fleiri nemendum í skólanum en nú er gert ráð fyrir. Sem dæmi má nefna að eldri gögn gera ráð fyrir að nemendur í skólanum í haust, 2015, verði 578 en samkvæmt íbúaskrá verða þeir 533, eða 45 nemendur færri, sem samsvarar um tveimur bekkjardeildum.

Undirritaður stefnir að því að leggja fyrir bæjaryfirvöld niðurstöðu þessa máls eftir næstu viku.